

Nr. 69.
14. nóvbr.

Lög

um

fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til þess að varna skemdum af ágangi vatns úr Þverá og Markarfljóti í Rangárvallasýslu skulu gerðar fyrirhleðslur með tilheyrandi flóðgáttum, samkvæmt þeim mælingum, sem gerðar hafa verið eða gerðar verða.

2. gr.

Landssjóður kostar fyrirhleðslur þessar að $\frac{3}{4}$ hlutum, en sýslufjelag Rangárvallasýslu að $\frac{1}{4}$ hluta.

3. gr.

Sýslunefnd Rangárvallasýslu veitist heimild til að jafna niður, að einhverju eða öllu leyti, þeim hluta fyrirhleðslukostnaðarins, sem sýslufjelinu ber að inna af hendi samkvæmt 2. gr., á jarðir þær í sýslunni, sem hagnað hafa af fyrirhleðslunni.

Við niðurfjöfnun þessa skal aðallega miðað við þær skemdir, sem þegar eru orðnar á jörðunum af ágangi þessara vatnsfalla, en ætla má að aftur ljetti af, eða sem vissa þykir fyrir að varnað verði með fyrirhleðslunum. Skal sýslunefnd afla ábyggilegra skýrslna um þetta, áður en jafnað er niður gjaldinu, og skulu skýrslurnar gefnar af 2 óvilhöllum mönnum, er til þessa skulu sjerstaklega dómkvaddir. Verði þeir eigi sammála um einhver atriði, dómkveður hjeradsdómari, ef hann á hjer eigi hagsmuna að gæta, ella næsti hjeradsdómari, þriðja manninn sem oddamann.

Niðurfjöfnun sýslunefndar geta jarðeigendur, sem gjaldi er jafnað niður á, skotið til landsstjórnarinnar, er lætur rannsaka málavöxtu og leggur á þá fullnaðarúrskurð.

4. gr.

Sje gjald það, er þannig er jafnað niður á jarðir þær, sem hjer eiga hlut að máli samkvæmt 3. gr., eigi greitt með þeim hætti, er sýslunefnd áskilur, getur hún látið taka eignarnámi jörð þá, sem vanskilin stafa frá, og verður sýslufjelagið eigandi jarðarinnar. Greiðir það jarðeiganda það, sem um fram er af matsverði jarðarinnar, gjaldi því og kostnaði, sem honum ber að greiða.

Til þess að meta jörð til eignarnáms samkvæmt því, sem hér segir, dómkveður Nr. 69. hjeraðsdómari 3 óvilhalla menn, er óviðriðnir eru fyrirtækið. Um mat þetta, og yfirmat, 14. nóvbr. þurfi á því að halda, fer að öðru leyti eftir lögum nr. 65, 22. nóv. 1913, um vatnsveitingar, 18. og 20. gr.

5. gr.

Landsstjórnin sjer um framkvæmd fyrirhleðslna þeirra, sem ræðir um í lögum þessum, en umsjón og viðhald verksins, að því loknu, annast sýslunefnd. Kostnaði, sem af viðhaldi leiðir, getur sýslunefndin jafnað niður á hlutaðeigandi jarðir, eftir sömu reglum og 3. gr. setur um niðurfjöfnun á stofnkostnaðarhlutdeild sýslufjelagsins.

Leiguliði á jörð skal skyldur, ef jarðeigandi krefst, að viðlögðum ábúðarmissi, að greiða hinn árlega niðurfafnaða viðhaldskostnað, en af stofnkostnaði eigi meira en vexti af því, sem jarðeigandi hefir lagt fram.

6. gr.

Þyki nauðsynlegt að gera aukningar og umbætur á fyrirhleðslunum, sem að álitu sýslunefndar og landsstjórnar í sameiningu eru stærri en svo, að fært þyki að reikna þær til viðhalds verksins eftir 5. gr., skulu þær kostaðar af landssjóði að $\frac{3}{4}$ hlutum, en að $\frac{1}{4}$ af sýslufjelaginu, á sama hátt og lög þessi ákveða um stofnkostnað fyrirhleðslnanna.

7. gr.

Landsstjórninni er heimilt eftirlit með því, að mannvirkjum þeim, er gerð verða, sje vel við haldið, og skal sýslunefnd Rangárvallasýslu skylt að hlíta fyrirskipunum hennar hér að lútandi.

Um viðhaldið og alt það, er þar til heyrir, skal sýslunefnd gera samþykkt, og skulu þar greindar jarðir þær allar, sem verkið nær til samkvæmt ákvæðum þessara laga. Hefir samþykktin öðlast gildi, er hún hefir hlotið staðfesting stjórnarráðsins.

Sektir má ákveða í samþykktinni fyrir brot gegn henni, og renna þær í sjerstakan sjóð, til viðhalds fyrirhleðslunum. Með brot gegn samþykktinni skal fara sem almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 14. nóvember 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.